

ÞEKKIR ÞÚ ÞENNAN MANN?



Í desember verða liðin 61 ár frá því að ókunnur og skilríkjalaus maður fannst látinn á Somerton-ströndinni í smábænum Glenelg í útjaðri áströlsku borgarinnar Adelaide. Þrátt fyrir víðtæka eftirgrennslan í Ástralíu og víðar um lönd hefur enginn borið kennsl á manninn. Krufning leiddi í ljós að órekjanlegt eitur hafði orðið manninum að aldurtíla. Rannsóknarlögreglumenn voru ráðþrota. Málið flæktist svo enn frekar þegar við sönnunargögnin bættust ferðataska í hólfi á lestarstöð, leynivasi í jakkafötum mannsins, dularfull persnesk ljóðabók og dulmál sem hinn látni hafði hripað niður. Maðurinn var íþróttamannslega vaxinn og þrúðmannlega klæddur. Allir merkimiðar höfðu verið fjarlægðir af klæðum mannsins. Andlitsdrættirnir báru erlent yfirbragð. Sumir töldu að hann gæti verið tengdur einhverju njósnakukli. Ástralía hafði blandast inn í átök kalda stríðsins þegar kom í ljós að sovéskir njósnarar höfðu komist yfir leynigögn þar í landi á fimmta áratugnum.

SKAKKI TURNINN lagðist yfir þetta mál, sem við köllum hér Tamam Shud-málið, og ræddi við eðlisfræðiprófessor í Adelaide sem vill grafa hið óþekkta lík upp og leitar auk þess ákveðinnar útgáfu persneska kvæðabálksins sem kann að vera lykillinn að lausn málsins. Og við biðlum til lesenda að hafa augun opin því rannsókn málsins teygir sig yfir hnöttinn. Lengi hefur verið talið að hinn látni hafi komið frá Evrópulandi. Hann gæti því allt eins hafa verið frá Íslandi. Kannist þið við manninn?

EFTIR HELGA HRAFN GUÐMUNDSSON

MAGNÚS ÁSGEIRSSON ÞÝDDI PERSNESKU FERHENDURNAR ÁRIÐ 1935

RÁÐGÁTAN Í ADELAIDE

NAFNLAUST LÍK

Moskítóflugurnar sveimuðu um loftið í heitri sumarmollunni. Það var komið kvöld og þeir sem enn voru úti gengu löturhægt eftir götumum í þessum fáfarna strandbæ, Glenelg, í útjaðri Adelaide-borgar í suðurhluta Ástralíu. Árið var 1948. Karlar gengu með hatta, kveiktu sér í filterslausum sigarettum og leiddu konur á síðum sumarkjólum í kvöldkyrrðinni.

Ung stúlka, Olive O'Neill, gekk með kærastanum sínum, Gordon Strapps, eftir ströndinni. Þau settust á bekk og spjölluðu um hitt og þetta. Þöguðu þess á milli og horfðu á allt og ekkert. Komu svo auga á mann sem lá uppi við grjóttvegginn sem skildi að götuna og ströndina. Það var eitthvað einkennilegt við hann. Höfuðið hallaði. Vinstri höndin lá máttlaus í sandinum. Var ekki allt með felldu?

„Heldurðu að hann sé veikur?“ spurði Olive.

„Æ, hvað er þetta? Er forvitnin alveg að fara með þig?“ svaraði Gordon kvikindislega.

„Kannski er hann dauður“ grínaðist Olive og hló.

Í þeirri andrá sáu þau að maðurinn hreyfði sig örlítið. „Þarna sérðu,“ sagði Gordon. „Hann er bara sofandi eða kannski fullur.“ Þau höfðu sig á brott. Litu einu sinni um öxl og sáu að ótal moskítóflugur svifu yfir hausamótunum á manninum sem virtist ekki kippa sér neitt við þær.

ENGINN BAR KENSL Á MANNINN

Það var svo um hálfsjö að morgni daginn eftir, hinn 1. desember 1948, að maður nokkur ætlaði að fá sér sundsprett í hlýju hafinu og hljóp út á strönd. Hann tók þá eftir sama manni og parið hafði séð kvöldið áður. Hann hafði ekki hreyfst úr stað. Nú var augljóst að eitthvað alvarlegt bjátaði á. Greinilegt var að maðurinn var látinn. Sundgarpurinn hringdi á lögreglu sem var komin á staðinn nokkrum mínútum síðar.

Lögreglumaðurinn sem kom fyrstur á vettvang sá engin ummerki um átök né annað sem grunsamlegt gat talist. Maðurinn lá friðsæll í logninu og hálfreykt sigarett lá á hægri flibbanum á frakkakraganum. Eins og hún hefði verið síðasta sigarett mannsins um ævina. Önnur sigarett lá klemmd á bak við hægri eyrað.

Farið var með líkið á sjúkrahús þar sem lögreglumenn leituðu í klæðum þess en fundu engin skilríki og ekkert veski. Í fórum mannsins var tyggjópakki, sigarettupakki, eldspýtur, litil greiða og notaður strætómiði.



Olive O'Neill og Gordon Strapps voru hugsanlega þau seinustu sem sáu hinn látna á lífi.

**„Þarna sérðu,“
sagði Gordon.
„Hann er bara
sofandi eða
kannski fullur.“**

Somerton-strönd í Glenelg við Adelaide. Myndirnar sýna staðinn þar sem hinn látni fannst. Búið er að gjörbreyta ströndinni með stórum brimgarði.



Myndir teknar af líkinu rétt eftir að það fannst.



Auk þess var ónotaður lestarmiði. Klæðaburður mannsins vakti athygli, þótti óvenjulega glæsilegur. Hann var klæddur í skyrtu og bindi, brúna buxur og ljósan frakka með evrópsku sniði. Sérstaka athygli vakti að hinn látni var klæddur í þrjónaða peysu yfir skyrtunni í steikjandi sumarhitnum. Fannst mörgum það benda til að líkið væri af utanbæjarmanni. Skór mannsins voru nýpússaðir og undarlega hreinir miðað við að hinn látni hafði eytt síðustu klukkutímum á ströndinni. Dularfyllt þótti að merkimiðar höfðu verið fjarlægðir úr klæðum mannsins. Eins og til að fela eitthvað.

Krufning leiddi í ljós að maðurinn var um 45 ára gamall og hafði verið í nánast fullkomnu líkamlegu ásigkomulagi. Hann var herðabreiður, mittismjór og stæltur. Hendurnar voru mjúkar og báru þess merki að maðurinn hefði líklega aldrei unnið við líkamleg erfiðisstörf. Lögun iljanna og tána þóttu sérstök; tærnar mættust í mjóum boga en slík lögun er þekkt á meðal ballettdansara. Auk þess voru kálfar mannsins mjög ofarlega,

„Lögun iljanna og tána þóttu sérstök; tærnar mættust í mjóum boga en slík lögun er þekkt á meðal ballettdansara.“

en það er algeng lögun á meðal kvenna sem ganga á háum hælum og langhlaupara. Engin sjáanleg ör voru á líkamanum og ekkert sem benti til átaka.

Mikilvægasta uppgötvun krufningarinnar var gerð eftir skoðun á innnyflum sem sýndu að maðurinn hafði ekki dáið af náttúrulegum orsökum. Magi, nýru, lifur og lungu voru yfirfull af blóði. Töldu lækna að eitrun væri líklegasta banameinið, þrátt fyrir að eitrið væri ekki rekjanlegt í líkama mannsins.

Lögregla tilkynnti um líkfundinn í dag-blöðum og vonaðist til að kennsl yrðu borin á manninn í framhaldinu. Tennur mannsins pössuðu ekki við neinn í tannlæknaskýrslum. Breska rannsóknarlögreglan aðstoðaði lögregluna í

Adelaide og sendi ljósmyndina af manninum og afrit af fingraförum hans víða um heiminn. En maðurinn var hvergi á skrá og ekkert hægt að finna um hann.

Þar sem enginn virtist sakna mannsins og enginn hafði borið kennsl á hann var ákveðið að smyrja líkið, tíu dögum eftir að það fannst, til að varðveita það fyrir áframhaldandi rannsókn.

ÞYKKUR PENSILL OG ODDHVASS HNÍFUR

Jú, örfáir komu á lögreglustöðina og þóttust kannast við hinn látna. Einhverjir menn komu og sögðu að hann væri 63 ára skógarhöggsmáður, Robert Walsh að nafni. En, nei, það var dregið til baka. Þetta var alls ekki hann. Lögreglan tók við nokkrum mönnum til viðbótar, einn sagðist hafa unnið með manni, sem líktist hinum látna, á gufuskipi en, nei, það gat svo ekki verið.

Lögreglan var ráðþrota í janúar 1949. En þá dró til tíðinda. Starfsmenn á aðalstarstöðinni í Adelaide fundu brúna ferðatösku sem lögð hafði verið í geymsluhólf fyrir hádegi 30. nóvember 1948, daginn áður en ókunni maðurinn fannst látninn. Miðar höfðu verið rifnir af töskunni, rétt eins og af klæðunum sem hinn látni fannst í. Í töskunni voru fót, frakki, rakvél og ýmis verkfæri: skrufjárn, þykkur pensill sem notaður er við stensla á

Aðalstarstöðin í Adelaide þar sem ferðataska mannsins fannst í geymsluhólf.



Fingraför hins látna í skýrslum lögreglunnar. Afrit voru send víða um heim en fingraförin voru hvergi á skrá.



Hlutir sem fundust á hinum látna. Juicy Fruit-tyggjopakki, Army Club-sigarettupakki, eldspýtustokkur, notaður strætómiði, ónotaður lestarmiði og greiður.



RADGATAN Í ADELAIDE

kaupskipum, skæri og eldhúshúfur sem hafði verið brýndur niður í lítið og mjög oddhvasst verkfæri.

Allir merkimiðar höfðu verið rifnir af fötunum í töskunni á sama hátt og á hinum fötunum. Hvergi voru neinar áritanir að sjá né merki fyrir utan að nafnið „T. Keane“ hafði verið skrifað á bindi, „Keane“ á þvottapoka og „Kean“ (án e-sins í endann) á nærbol. Lögreglan fann út að sjómaður að nafni Tom Keane bjó í Adelaide en síðar kom í ljós að líkið var ekki af honum og að hann tengdist málinu ekki neitt. Eftir fyrirsurnir lögreglunnar kom enn fremur í ljós að einskis „T. Keane“ var saknað í neinu enskumælandi landi í heiminum. Lögreglan taldi því að hver sá sem hefði rífið merkimiða af fötunum hefði viljandi skilið eftir merkið með nafninu Keane þar sem hinn látni tengdist þeim manni ekki. Í raun kom ekkert í ljós í töskunni sem gat komið lögreglurannsókninni að gagni fyrir utan fínan frakka sem saumaður var með sérstökum hætti. Var mat klæðskera í Adelaide að frakki þessi gæti ekki verið frá öðru landi en Bandaríkjunum og hefði verið sérsniðinn á kaupandann og því verið keyptur þar. Hinn látni hefði því einhvern tímann verið í Bandaríkjunum.

Lögreglan rannsakaði lestarferðir 30. nóvember og áætlaði að hinn látni hefði komið á lestarstöðina með næturlest frá Sydney eða Melbourne þann daginn. Hann hefði svo keypt lestarmiða til strandbæjarins Henley en af einhverjum ástæðum ekki tekið lestina



Len Brown rannsóknarlögreglumaður sýnir sjónvarpsmanni töskuna og innihald hennar í fréttapætti frá 1978.

og farið með ferðatöskuna í geymsluhólf. Síðan hefði hann tekið strætisvagn til Glenelg þar sem hann lést hálfum sólarhring síðar. En engar af þessum nýju upplýsingum virtust hreyfa nokkuð við málinu.

Í framhaldinu var lík mannsins grafið og sáu sjálfboðaliðar frá Hjálpræðishernum um jarðarförina. Á legstein mannsins var skrifað: *Hér liggur ókunni maðurinn sem fannst á Somerton-strönd 1. desember 1948.* Áður en jarðarförin fór fram gerði uppstoppari plastafsteypu af efri hluta hins látna.

TAMAM SHUD

Í júní 1949 var liðið meira en hálft ár frá líkfundinum og rannsóknin var í lamasessi. Dró þá aftur til tíðinda. Vísindamaður lögreglunnar sem rannsakaði ýmis sönnunargögn í málinu fann leynivasa á buxunum sem hinn látni hafði verið klæddur í þegar hann fannst. Í leynivasanum var lítill bréfmíði með orðunum „Tamam Shud“.

Miðinn hafði greinilega verið rifinn úr bók og fengu lögreglumenn nokkra bókasafnsstarfsmenn í lið mér sér til að komast að hver bókin væri. Niðurstaðan var að orðin Tamam Shud þýða „endað“ eða „lokið“ og eru síðustu orðin í 900 ára gamla persneska miðaldakvæðasafninu „Rubaiyat“ eftir Omar Khayyam. Miðinn hafði enga bókstafi á hinni hliðinni og leitaði lögreglan víða að réttu útgáfunni af þessari bók þar sem prentun hefur verið háttað á þennan veg, þ.e. síðasta prentaða síðan geymir orðin Tamam Shud, en án árangurs. Í kjölfarið auglýsti lögreglan eftir bókinni um allt land og hafði myndina af miðanum með.

Um leið gaf læknir sig fram við lögregluna og upplýsti að hann hefði fundið mjög sjaldgæfa útgáfu af Rubaiyat í framsætinu á



Lögreglumennirnir Lionel Leane og Len Brown sýna innihald töskunnar sem fannst á lestarstöðinni. Þeir fundu þæði í töskunni sem pössuðu við fötin sem hinn látni var í þegar hann fannst.

„Á legstein mannsins var skrifað: Hér liggur ókunni maðurinn sem fannst á Somerton-strönd 1. desember 1948.“

Í töskunni voru klæði og ýmis verkfæri.



bílnum sínum, hinn 30. nóvember 1948, fyrir utan húsið sitt í Glenelg. Sem sagt daginn áður en maðurinn fannst látinn og í sama bæ! Læknirinn afhenti lögreglu bókina og sagðist ekkert hafa vitað af tengingu hennar við málið.

Í bókina vantaði orðin Tamam Shud á síðustu blaðsíðuna og fullvissuðu rannsóknarmenn sig með smásjá að bréfmíðinn sem hafði fundist í leynivasanum hafði verið rifinn úr bókinni. Auk þess vantaði síðasta kvæðið í bókina:

*Og er þú glöð og glófætt reikar inn
í garðinn, þar sem vinahópur þinn
sem stjörnuhvirfung húms í grasi skín,
þá hvolfdu tæmdu glasi á blettinn minn!*

Tamam Shud

Á síðustu blaðsíðunni í bókinni voru daufrir bókstafir sem skrifaðir höfðu verið með blýanti. Það voru fimm línur með óskiljanlegum runum bókstafa í hástöfum:

MRGOABABD
MLIAOI
MTBIMPANETP
MLIABOAIQC
IT'TMTSAMSTGAB

Lögreglan taldi fyrst að um orð á erlendra tungu væri að ræða, en sú kenning gat ekki staðist. Bókstafirnir hlytu að vera dulmálsskóði, sem tengdist örugglega ferð mannsins til Adelaide og dauða hans þar. Gengið var út frá því að hinn látni hefði skrifað orðin, hugsanlega á svipuðum tíma og hann reif orðin úr blaðsíðunni og stakk þeim í leynivasann. Dulmálssérfræðingar voru kallaðir til en þeir gátu ekki fengið merkingu úr kóðanum. Árið 1978 gerði ástralska varnarmálaráðuneytið skýrslu um dulmálið og niðurstaðan var að bókstafirnir væru of fáir til að hægt væri að ráða í mynstur þess.

HJÚKRUNARKONAN OG LIÐSFORINGINN

Símanúmer var skrifað á sömu blaðsíðu



Óþekkti maðurinn greftraður af Hjalpræðishernum árið 1949.


og dulmálið. Það reyndist ekki vera skráð í símaskrá en þegar lögregla hringdi svaraði ung hjúkrunarkona sem bjó í Glenelg, í göngufjarlægð frá ströndinni þar sem hinn látni fannst. Konan sagði að hún hefði átt eintak af Rubaiyat þegar hún starfaði á sjúkrahúsi í Sydney í seinni heimsstyrjöldinni. Hún hefði svo gefið Alfred nokkrum Boxall bókina árið 1944 þar sem þau voru stödd á hótélbar í Sydney. Boxall var liðsforingi í ástralska hernum og barðist í stríðinu.

Hjúkrunarkonan sagðist hafa flutt frá Sydney eftir stríðslok og gengið í hjónaband. Henni hefði borist bréf frá Boxall en sagt honum að hún hefði kynnst öðrum manni. Þau hefðu aldrei hist né rætt saman eftir það. Hún bætti við að dularfullur maður hefði síðla árs 1948 gengið eftir götunni hennar og spurt nágranna um hana. Lögreglan sýndi konunni plastafsteypuna af hinum látna en hún gat ekki staðfest að hún væri af Alfred Boxall þrátt fyrir að andlitsfallið væri ekki ósvipað.

Lögreglan gekk út frá því að Boxall væri hinn látni þangað til þeir fundu hann á lífi í Sydney. Hann átti eintakið af Rubaiyat sem hjúkrunarkonan hafði gefið honum í bókahillunni. Fremst í bókina var 70. kvæði bókarrinnar skrifað:

*Að sönnu iðrun sór ég tíðum fyr,
en - sór ég alveg gáður þá? - ég spyr.
Og svo kom vorið, veifandi ungri rós,
og vesæl yfirbótin flúði á dyr.*

Gröf hins látna. Laurie Elliot stendur fyrir ofan legsteininn en hann sá um smurningu líksins.



Bindi úr töskunni með áletruninni „T. Keane“.



Bréfmíðinn sem fannst í leynivasa með áletruninni „Tamam Shud“.



**„Í leynivasanum
var lítill bréfmíði
með orðunum
„Tamam Shud“.“**

Fyrir neðan kvæðið var undirskriftin „Jestyn“, sem leit út fyrir að vera gælunafn eða dulnefni hjúkrunarkonunnar. Boxall gat ekki útskýrt af hverju konan hefði gefið sér bókina og hvers vegna þetta kvæði hafði orðið fyrir valinu. Hjúkrunarkonan bað um að vera hlíft í fjölmöldum því hún vildi ekki verða fórnarlamb hneykslunar og fordóma vegna fyrri kynna sinna af Boxall og tengingu við líkfundinn. Lögreglan samþykkti þessa bón og hélt nafni hennar leyndu.

NJÓSNIR?

Allar götur síðan líkið fannst 1. desember 1948 hafa sögur breiðst út um að líkfundurinn tengdist alþjóðlegum njósnum. Enda minna margar staðreyndir málsins á söguþráð ævintýralegra spennusagna um njósnara kalda stríðsins. En það er ekki alvitlaus hugmynd.

Árið 1978 gerði ástralska sjónvarpsstöðin ABC heimildarþátt um Tamam Shud-málið og heimsóttu sjónvarpsmenn Alfred Boxall í þættinum. Þegar Boxall var spurður hvort hann hefði sagt hjúkrunarkonunni að hann hefði verið njósnari í seinni heimsstyrjöldinni var svarið „nei“, en ekki kom fram sérstaklega hvort hann neitaði því aðeins að hafa sagt konunni þetta, eða hvort hann væri að neita því alfarið að hafa verið njósnari.

Í tæplega fimm hundruð kílómetra fjarlægð frá Adelaide er lokað herstöðvarsvæði, Woomera. Þar hafa Ástralir, Bretar og Bandaríkjamenn stundað leynilegar vopnaprófanir í áratugi t.d. með eldflaugar, flugskeyti og kjarnorkuvopn. Woomera var ein leynilegasta herstöð Bandamanna í kalda stríðinu. Í apríl 1947 komst upp að embættismenn í sovétska sendiráðinu í Ástralíu höfðu komist yfir trúnaðarupplýsingar m.a. um herstöðina í Woomera.

Árið 1994 rannsakaði aðalsaksóknarinn John Harper Phillips krufningarskýrslur úr Tamam Shud-málinu til þess að skera úr um raunverulegt banamein hins látna, en eins og komið hefur fram í greininni náðu læknar ekki að rekja eitrið árið 1948. Samkvæmt



Alfred Boxall. Myndin er tekin í seinni heimsstyrjöldinni.

„Allar götur síðan líkið fannst 1. desember 1948 hafa sögur breiðst út um að líkfundurinn tengdist alþjóðlegum njósnum.“

niðurstöðum Phillips þótti ljóst að banameinið var eitrun af völdum fingurbjargarblóma sem innihéldu eitur sem væri stórhættulegt í stórum og þéttum skömmtum, ef rétt kunnáttu er fyrir hendi. Í þessu sambandi er mikilvægt að hverfa til Bandaríkjanna þremur mánuðum fyrir líkfundinn eða til ágúst 1948. Þá lést Harry Dexter White aðstoðarfrjármála-

ráðherra Bandaríkjanna úr eitrun af völdum fingurbjargarblóma en hann hafði verið sakaður um njósnir fyrir Sovétríkin.

ÓTRÚLEGAR TILVILJANIR

Lesendur deila ef til vill þeirri skoðun að hver ný vísbending í málinu virðist hafa flækt það enn meira. Það sem við vitum þó fyrir víst er að hinn látni, eða morðingi hans, bjó yfir mikilli kunnáttu á sviði eiturefna því eitrið var órekjanlegt í líkama mannsins. Við vitum að persóna hins látna var gríðarlega vandlega falin með því að fjarlægja allar merkingar af fötum og með því að skilja engin skilríki eftir eða nokkuð annað sem gæti gefið nafn hans eða uppruna til kynna.


Það er líka einkennilegt að maðurinn hafði enga fjármuni á sér, ekki krónu með gati. Samt keypti hann lestarmiða á aðalstarstöðinni í Adelaide en notaði hann síðan ekki. Sumir hafa haldið fram að orðin „Tamam Shud“ sem í óbeinni þýðingu geta þýtt „endir“ eða „leikslok“ bendi til þess að maðurinn hafi




Boxall í heimildarþætti ABC frá 1978.




Úr Rubaiyat-bókinni sem fannst í bíl í grennd við ströndina. Rífið hefur verið úr síðustu blaðsíðunni og staðfestu rannsóknarmenn að bréfmíðinn sem fannst á líkinu hefði komið úr þessu eintaki.



Bókstafarunurnar sem hinn látni hripaði niður. Dulmál?



Harry Dexter White, aðstoðarfrjármála-ráðherra Bandaríkjanna, lést af völdum samskonar eiturs, nokkrum mánuðum fyrr. Til hægri er vinur hans, hagfræðingurinn heimsfrægi, John Maynard Keynes.



Til vinstri sést óvenjuleg lögun annars eyra hins látna borið saman við algengustu lögun eyrna hvíta kynstofnsins.



framið sjálfsmorð. En það skýrir ekki dulmálið. Af hverju fleygði hann Rubaiyat-bókinni inn í bíl hjá ókunnugum manni? Af hverju fleygði hann henni ekki í ruslafötu? Af hverju setti hann ferðatöskuna í hölf á lestarstöðinni? Af hverju var bréfmíðinn í leynivasa á buxunum? Við gætum haldið áfram að spyrja svona fram í rauðan dauðann.

Ein skrýtnasta hlið málsins er þó sú er snýr að eintökunum tveimur af Rubaiyat og allar tilviljanirnar sem tengja þær saman. Ein var gefin hermanningnum Alfred Boxall í Sydney. Hin tilheyrði líklega hinum látna. Í þeirri síðari var skrifað símanúmer hjúkrunarkonunnar. En hún mundi einungis tenginguna við Boxall, en hann var fyrir tilviljun mjög líkur hinum látna útlitslega. Og Boxall sagðist ekki skilja neitt í málinu, eins og sést í heimildarmynd ABC. Hann skildi ekki hvaða merkingu 70. kvæði Rubaiyat átti að hafa fyrir hann. Hann sagðist aðeins vera rólegur fjölskyldukarl sem flækst hefði í þetta undarlega mál.


GÓMUL SÖNNUNARGÖGN TÝND EN NÝ KOMIN FRAM

Íbókum lögregluýfirvalda í Suður-Ástralíufyllki er málið enn opið. En rannsóknin hefur þó orðið fyrir miklum áföllum því lögreglan hefur viðurkennt að mörg sönnunargögn séu horfin. Brúnu ferðatöskunni var hent árið 1986 og upprunalega Rubaiyat-bókin er týnd. Margar skýrslur vantar í skjalabunka málsins. Auk þess hafa menn talið líklegt að erfitt gæti reynst að finna hentug DNA-sýni úr líkinu, sem liggur grafið í kirkjugarði, þar sem smurning þess á sínum tíma kann að hafa eyðilagt lífsýni. Þykir flestum líklegt að málið muni aldrei verða upplýst.

Háskólakennarinn Derek Abbott er ekki á Eintak Boxall af Rubaiyat með áletrun Jestyn.

sama máli, en ítarlega er rætt við hann um málið hér á næstu síðum. Hann hefur vakið málið upp úr löngum svefni og segir að með akademísku starfi og öguðum og skynsömum vinnubrögðum megi kafa miklu dýpra í málið. Hann leitar nú að sömu prentútgaðu Rubaiyat og hinn látni átti. Abbott stjórnar auk þess hópi rafmagnsverkfræðinema sem reyna að ráða dulmálið í bókinni. Hann hefur lagt allt kapp á að leyfi fáið til að grafa líkið upp til að fá lífsýni úr því.

Upprunalegu krufningaskýrslurnar í málinu eru týndar. Það hindraði þó ekki Maciej Henneberg, líffærafræðing við Adelaide-háskóla, að gera merkilega uppgötvun á líkinu. Hann hefur uppgötvað í gegnum ljósmyndir að hinn látni bar mjög sérstakt erðfræðilegt einkenni sem getur gert leitina að uppruna hans mun auðveldari. Eyr hins látna hafa mjög sérstaka lögun sem finnst aðeins hjá 1-2% hvíta kynþáttarins.



Omar Khayyam.

Hver var Omar Khayyam?

Það er óneitanlega sérstakt að miðalda-kveðskapur frá Persíu tengist lögreglurannsókn á 20. öld. Við vitum ekki hvort kvæðabálkurinn Rubaiyat var notaður sem dulmálstæki eða hvort hann tengist einhverju öðru sem við fáum ekki skilið. En víst er að þessar 900 ára gömlu persnesku ferhendur eiga vel við nútímamenn og óhætt að mæla með lestri kvæðanna.

Úr inngangi Páls Valssonar að afmælisútgáfu íslensku þýðingar Magnúsar Ásgeirssonar á Rubaiyat 1991: „Ljóðaflokkurinn Rubaiyat sækir heiti sitt til ákveðins bragforms sem fór að tíðkast með Persum fyrir um það bil þúsund árum. Rubai er fjögurra braglína erindi þar sem a.m.k. þrjár ríma, oftast nær fyrsta, önnur og fjórða lína.


Omar Khayyam, höfundur þessara kvæða, er talinn fæddur árið 1048 og dánarár hans hafa menn sagt vera 1131. Hann bjó í Nishapur, höfuðborg Khorasanhéraðs í norðausturluta Persíu, sem var fremur ríkt landsvæði og kannski þess vegna róstuamt og urðu menn þar að búa við tíðar árásir annarra þjóðflokka. Veraldargengið var því fremur hverfult Khorasarbúum og kann þess að sjá stað í kveðskap Omars. Vitneskja manna um hann er talsverð, vegna þess að Omar Khayyam var nafntogaður á sinni tíð, einkum sem vísinda- og fræðimaður á sviði stjörnufræði, stærðfræði og heimspeki.

Omar boðar tæpitungulaust trú á líðandi stund, að menn skuli nýta hana til þess að gera sér glaðan dag og þar skipar vínið heiðursress. Heimspeki hans birtist kannski best í þessari „rubai“:

Við brauðhleif, fulla flösku og ljóðakver í forsælu undir grein - við hlið á þér, sem andar söng á öræfanna þögn, er auðnin Paradís - sem nægir mér.



Tvær útgáfur af Rubaiyat. Abbott og félagar leita útgáfunnar að ofan.



„ÉG VARÐ HUGFANGINN AF DULMÁLINU“

RÁÐGÁTAN Í ADELAIDE

Derek Abbott er enskur prófessor í rafmagnsverkfræði og eðlisfræði við The University of Adelaide í Ástralíu. Hann hefur rannsakað Tamam Shud-málið í frístundum sínum í nokkur ár. Hann hefur unnið gott starf við skipulagningu og rannsókn málsins og hefur komist að ýmsum atriðum sem lögreglufyrirvöldum yfirsást. Nýlega hefur hann reynt að ráða í dulmálið, sem hinn látni er talinn hafa hripað niður í Rubaiyat-bókina dularfullu og nýtur Derek fulltingis nemenda sinna í rafmagnsverkfræði í Adelaide. Hann beinir því til allra að leita að hinni upprunalegu fyrstu útgáfu af þessari dularfullu persnesku ljóðabók. Og þar sem hann er einn fróðasti maðurinn sem nú er uppi um hið ótrúlega Tamam Shud-mál ákvað **SKAKKI TURNINN** að spyrja hann nokkurra spurninga.

Hvers vegna tókstu upp á því að rannsaka málið? Hafðirðu lengi fylgst með því?

„Ég las fyrst um málið fyrir um tíu árum. Ég teygði mig í tímaritastafla í þvottahúsi á meðan fötin voru í vélinni. Í einu tímaritanna var stór grein „Tíu dularfyllstu óleystu sakamál Ástralíu“. Þar var til dæmis fjallað um þegar forsætisráðherrann okkar, Harold Hold, hvarf sporlaust og dularfullt andlát dóttur konu að nafni Lindy Chamberlain. Um það var gerð fræg kvikmynd með Meryl Streep í aðalhlutverki.

Og þarna var líka fjallað um Tamam Shud-málið sem ég varð hugfanginn af vegna óráðna dulmálsins.“

Hefur mikið verið fjallað um málið í Ástralíu?

„Málið hefur einungis verið rétt á síðum dagblaða og tímarita. Ég er sá fyrsti sem tekur það upp í fræðilegri rannsókn.

Það hefur verið fjallað um Taman Shud-málið nær sleitulaust í bjarblöðum hér ... en virðist aldrei hafa fengið víðari útbreiðslu. Það er ástæðan fyrir að málið var aldrei leyst, held ég. Það er mín skoðun að ef ljósmyndin hefði verið birt mun víðar í dagblöðum í öllum landshlutum í Ástralíu og erlendis, hefði málið verið auðleyst. Og nú fjallar íslenskt tímarit um málið. Það er frábært!“



Paul Lawson uppstoppari með plastafsteypuna sem hann gerði af hinum látna.

Hvað heldurðu að hafi gert málið svona óvenjulegt?

„Það sem gerir málið svona óvenjulegt er að sá látni var mjög vel á sig kominn líkamlega og ríkmannlega klæddur, hendurnar mjúkar og hann leit út fyrir að vera vel menntaður ... og samt bar enginn kennsl á hann og hann hefur verið óþekktur í 60 ár. Það er mjög óvenjulegt að aldrei hafi verið borin kennsl á manni með þessi einkenni.

Það sem gerir málið sérstaklega áhugavert er að merkjamiðar höfðu verið fjarlægðir úr fötum hans, hann virtist nota dulmál, lést af órekjanlegri eitrun og var ekki með nein ör né sjánlega áverka á líkamanum.“

Finnst þér að lögreglan hafi á stundum sýnt grunsamlega vanhæfni í rannsókn málsins með því að rannsaka ekki tenginguna á milli Jestyn og Boxall frekar, með því að týna upprunalegu útgáfunni af „Rubaiyat“, með því að týna ferðatöskunni, með því að týna krufningarskýrslunni o.s.frv.?

„Sú staðreynd að ferðataskan, bókin og allt þetta sé glatað hefur vissulega gert lausn málsins miklu erfiðara verkefni. Í dag er Adelaide nútímaleg borg með milljón íbúa en við verðum að gera okkur grein fyrir að árið 1948 var Adelaide lítil og friðsæll staður og



„Sú staðreynd að ferðataskan, bókin og allt þetta sé glatað hefur vissulega gert lausn málsins miklu erfiðara verkefni.“

þar var lögreglulið sem hafði aldrei fengist við rannsókn máls af þessari gerð, þar sem banvæn eitrun kom við sögu. Já, lögreglan gerði mikil mistök ... sem líta út eins og vanhæfni ... en við verðum að vera sanngjörn og virða að málið hafði lærdómsgildi fyrir óreynda rannsóknarmenn.

Ein alvarlegustu mistök lögreglunnar voru að skipa tveimur ólíkum hópum lögreglumannna til ólíkra verka. Lögreglumenirnir sem rannsókuðu ferðatöskuna tilheyrdðu annarri deild en þeir sem ræddu við Jestyn. Og það var lítið samband þeirra á milli. Sumir lögreglumen, á fyrstu stigum rannsóknarinnar, fengu ekki einu sinni að vita hvert raunverulegt nafn Jestyn væri.“

Hvað hefðir þú gert ef þú hefðir verið lögreglan árið 1948?

„Ég hefði ráðið sérstakan yfirmann sem séð hefði um allar hliðar málsins. Ég hefði passað betur upp á að ljósmynda allt í þaula og skrásett allt vel og vandlega.

Ferðatöskunni var hent á níunda áratugnum því það var kominn fýla af henni og ranabjöllur farnar að éta hana í gegn. Ég hefði krafist betri geymslutækni fyrir sönnunargögn á fimmta áratugnum til að koma í veg fyrir að slíkt gæti gerst.

Ég hefði tekið viðtöl við alla í fjölskyldu Jestyn, sérstaklega við föður hennar. Ég hefði



Á plastafsteypunni urðu eftir líkamshár sem nýst gætu í DNA-rannsókn.

farið með mynd af hinum látna til Sydney og sýnt hana á vinnustað pabbans og á sjúkrahúsinu þar sem hún vann.

Ég hefði sent öllum áströlskum dagblöðum myndina af hinum látna til birtingar.

Ég hefði birt mynd af skóm mannsins og merki þeirra í því skyni að fá almenning til að bera kennsl á merkið og hvar skórnir voru keyptir.

Ég hefði rannsakað í þaula manninn sem fann bókina og Jestyn, til að sjá hvort einhver tenging væri á milli þeirra.

Það er auðvelt fyrir mig að segja þetta núna um liðinn atburð. Auðvelt er að vera vitur eftir á. Hefði ég hugsað til alls þessa árið 1948? "

Hefur þú á tilfinningunni að Alfred Boxall hafi ekki sagt allan sannleikann í heimildarþættinum frá ABC? Leyndi hann einhverju?

„Það er ekki gott að segja. Vandamálið er að við vitum ekki hvernig myndin var klippt. Spurðu ABC-menn spurninganna sem þeir virðast spyrja í heimildarmyndinni eða klipptu þeir þær til svo það liti út fyrir að hann svaraði spurningunni ... þegar hann hafði verið spurður annarrar spurningar í raun? Þetta er gamalt blaðamannabragð sem gefur hlutunum mun dularfyllra yfirbragð.

Ég hef leitað að upprunalega handriti þáttarins og afgangsfilmum. Við gætum hugsanlega svarað þessu ef mér verður ágengt með leitina."

Leiddist Alfred Boxall að vera bendlaður við málið? Hann virðist dálítið þreyttur á öllu saman í heimildarþættinum.

„Alls ekki. Ég held að hann hafi notið athyglinnar. Fjölskyldan talaði um hann sem mikinn sagnamann sem elskaði hið dularfulla ... hann fékk sínar 15 mínútur af frægð og það var einmitt það sem hann vildi."

Á sama tíma var raunverulegu nafni Jestyn haldið leyndu og hún þurfti því aldrei að svara fyrir sig á opinberum vettvangi. Hvers vegna?

„Lögreglan verndaði hana. Málið var einfaldlega að hún átti ársgamalt barn sem hún hafði eignast utan hjónabands og lögreglan vildi ekki að blöðin færu að skipta sér af henni því það þótti hneykslanlegt á þessum tíma – þótt það sé ekki neitt tiltökumál í dag.

Þeir ákváðu að vernda hagsmuni barnsins þar sem engar beinar sannanir voru fyrir því að hún hefði gert nokkuð af sér."

Jestyn merkti við kvæði í „Rubaiyat“ fyrir Boxall. Voru það dulmálsskilaboð eða vildi hún bara kynna Boxall fyrir fállegu ljóði?

„Við vitum það ekki. Við höfum enn ekki staðfest að rithöndin sé hennar. Svo virðist sem penninn sem hún notaði til þess að skrifa undir nafn sitt hafi mjórri odd en penninn sem notaður var til að skrifa kvæðabútinn."

Margir halda því fram að andlát mannsins tengist kalda stríðinu og að sá látni hafi jafnvel verið njósnari. Trúa íbúar í Adelaide á njósnarakenningarnar eða fannst þeim söguviðið, litla samfélagið þeirra, hugsanlega vera ofhversdagslegt til að slíkir ævintýralegir atburðir ættu sér stað?

„Það er nokkuð tvíþætt. Þeir sem þekkja ekki sögu njósna í Ástralíu vísa því gjarnan á bug að um eitthvað ótrúlegt njósnaramál hafi verið að ræða.

En söguáhugamenn, sem muna að bandaríski njósnarinn Harry Dexter White lést af völdum fingurbjargarblómaeitrunar nokkrum mánuðum áður en Somerton-maðurinn fannst, hugsa allt öðruvísi. Þrátt fyrir að mál Harrys Dexter White gerðist í Bandaríkjunum, verðum við að athuga að Bandaríkjamenn réðu hið rússneska „Venona“-dulmál árið 1948 og fundu út að sovéskra sendiráðið í Ástralíu hafði lekið trúnaðarupplýsingum. Í kjölfarið skrúfuðu Bandaríkjamenn á öll trúnaðarsamskipti við Ástralíu og svar Ástrala við því var að stofna ASIO (Áströlsku leyniþjónustuna) til að leita allra sovéskra njósnara, sem endaði með hinu fræga máli Vladimirs Petrov snemma á sjötta áratugnum. Þessir tímar voru því miklir blómatímar í njósnabransanum. Því var söguviðið alls ekki ofhversdagslegt."

Þú hefur látið nemendur þína rannsakað dulmálið með tölfraðilegum athugunum. Hvernig hefur dulmálið verið brotið til mergjar? Erud þið viss að merking liggja á bak við það?

„Nemendur mínir eru búnir að safna öllum bókstöfum úr verkum George Orwell og borið tíðni bókstafanna saman við dulmálið. Þeir munu örugglega einnig nota bækur á öðrum tungumálum til að ganga úr skugga um að það sé á ensku.

Við höfum einnig skoðað tölfraðilega tíðni í bókstöfum sem nemendur mínir hafa safnað með því að biðja vini sína að skrifa óreiðukennda vitleysu. Þá munu þeir einnig bera kóðann saman við tilviljunarkennda bókstafi sem vinir þeirra munu skrifa eftir mikla bjórneyslu. Það verður áhugavert að sjá hvort áfengi hefur áhrif á dreifingu bókstafa.

Ég hef líka beðið nemendur mína að skrifa forrit sem finnur reglulega strúktúra, á borð við „ABAB“, og

Rannsókn Abbotts hefur komist að ýmsu sem lögreglunni yfirsást árið 1948. Á hinum látna fannst sígarettupakki af Army Club-gerð en pakkinn innihélt Kensitas-sígarettur. Algengt var á þessum tíma að geyma ódýrar sígarettur í „flottum pökkum“. Abbott hefur hins vegar sýnt fram á að Army Club voru ódýrari gerð. Það gæti bent til þess að eitrið hafi verið í sígarettunni.



Derek Abbott ásamt nemendum sínum, Denley Bihari og Andrew Turnbull sem liggja yfir dulmálinu dag og nótt.

leitar á Internetinu

að öllum mynstrum sem innihalda sama strúktúr, t.d. „EGEG“. Því næst munum við safna saman tölfraði um reglulegar runur til að sjá hverjar eru þær algengustu."

Hvernig hefur leitin að „Rubaiyat“ gengið?

„Ótrúlegt en satt þá hefur enginn fundið annað eintak af sömu útgáfu þessarar bókar í þessi 60 ár! Við erum orðin örvæntingarfull. En vonandi mun SKAKKI TURNINN hjálpa okkur í leitinni."

Þú hefur talað fyrir mikilvægi þess að grafa líkið upp og gera á því rannsóknir. Mun það gerast á næstunni?

„Um leið og við fáum leyfi munum við framkvæma DNA-rannsókn og samsæturannsókn (isotope test) á beinagrindinni.

DNA-rannsóknin mun veita okkur innsýn í ættartengsl hins látna og líklega gefa upp ættarnafnið og hvaða fjölskyldum hann tengist í gagnaböndum. Samsæturannsóknin mun gefa til kynna frá hvaða landi hann var."

Þreyttistu á málinu? Á öllum lokuðu dyrunum?

„Nei, því það hefur margar óvæntar hliðar. Í upphafi fann ég ekki mikið kjöt á beinunum. En seinna hefur komið í ljós að visbendingarnar eru margar og þær þarf að elta.

Lögreglan hélt því fram á tímabili að Somerton-maðurinn hefði unnið í uppskipun. Það er mjög áhugavert, ef satt er, því við höfum rakið slóðir sem segja okkur að faðir Jestyn hafi verið forstjóri í uppskipunarfyrirtæki. Það gæti verið mikilvæg tenging!"

LESENDUR ATHUGIÐ!

Derek Abbott hefur beðið lesendur SKAKKA TURNSINS að hjálpa sér í leitinni að sömu útgáfu Rubaiyat og hinn látni átti. Útgáfan er fyrsta útgáfa enskrar þýðingar Edwards Fitzgerald sem gefin var út hjá nýsjálenska forlaginu Whitcombe and Toms. Það eru margar útgáfur og ólíkar þýðingar til með örlítið breyttum orðum til og frá. Ef þið vitið um eitthvert eintak af bókinni sem gæti verið af þessari útgáfu skulið þið fara á Facebook-síðuna „World Search for a Rare Copy of the Rubaiyat of Omar Khayyam“ sem Abbott stjórna. Ef bókin finnst gæti allt Tamam Shud-málið sem fjallað er um á þessum síðum verið leyst!

